



BYGGÐASAFN ÁRNESINGA

Ársskýrsla 2021



Forsíða	1
Efnisyfirlit	2
Formáli	3
Opnunartími og gestafjöldi 2021	3
Starfsfólk	4
Húsakynni	5
Viðgerðir og viðhald	6
Skráningarkerfi, aðföng og gefendur	7
Aðstaða til varðveislu	8
Búðarstígur 22 tekinn að öllu leyti til nota fyrir safnið	9
Rannsóknir og miðlun þeirra	18
Sýningar, viðburðir og önnur miðlun 2021	19
Sjóminjasafnið á Eyrarbakka	22
Kirkjubær	23
Rjórabúið á Baugsstöðum	24
Efling fræðslustarfs Byggðasafns Árnesinga	24
Safnaráð	26
Samstarf	26
Fundir, námskeið og ráðstefnur	27
Kynningar- og markaðsmál	27
Héraðsnefnd og stjórn	28
Um rekstur og fjárhag safnsins 2021	29

www.byggdasafn.is

info@byggdasafn.is

Ljósmyndir í skýrslunni voru teknar af starfsmönnum safnsins nema annað sé tekið fram. Forsíðumyndin var tekin haustið 2021 að loknum viðgerðum á Búðarstíg 22.

Formáli

Eins og árið áður var starfsemi Byggðasafns Árnesinga og Sjóminjasafnsins á Eyrarbakka óvenjuleg að mörgu leyti árið 2021 vegna Covid19-faraldursins og breytinga á innra starfi safnsins. Þrátt fyrir þetta var öflugt starf unnið á sviði varðveislu, skráningu, sýninga og innra starfs og aðsókn varð betri en árið 2020. Unnið var eftir stofnskrá safnsins og starfsmenn geta litið með ánægju til starfseminnar á árinu sem var mjög öflugt.

Í stofnskrá safnsins segir um hlutverk þess: „Hlutverk Byggðasafns Árnesinga er að safna, skrá, varðveita, forverja og rannsaka minjar um byggða-, menningar- og atvinnusögu Árnessýslu og kynna þær almenningi.“ Safnað er eftir söfnunarstefnu. Skráð er í gagnagrunninn Sarp sem sýnilegur er á www.sarpur.is. Við safnið fer jafnframt fram forvarsla, rannsóknir, ráðgjöf, upplýsingagjöf, umsýsla í geymslum, undirbúningur og gerð sýninga, frágangur sýninga og útlán. Á árinu 2021 var áttak í gangi um myndvæðingu færslna í Sarpi.

Þrjár sýningar voru settar upp á árinu í borðstofu Hússins á Eyrarbakka. Í borðstofu var sett upp Sýningin *Eyrarbakkamyndir Sigurðar kaupmanns* var um vorið og í sumarbyrjun opnaði sýningin *Missir*. Á þorra var boðið upp á leikskólasýningu um vinnslu mjólkur. Jólasýning var að vanda sett upp í upphafi aðventu og stóð fram á þrettánda. Kirkjubær var opinn um leið og Húsið. Beitningaskúrinn var opnaður eftir eftirspurn.

Á vettvangi stjórnar safnsins var starfsemi safnsins til umræðu og voru húsnæðismálin fyrirferðarmikil auk þess sem sérstök bygginganefnd vegna framkvæmda var starfandi þar til framkvæmdum lauk.

Unnið var að viðgerðum á Búðarstíg 22 á Eyrarbakka og lauk þeim um mitt ár. Skrifstofa og varðveisluaðstaða fluttu úr Hafnarbrú 3 í Búðarstíg 22 á árinu.

Opnunartími og gestafjöldi 2021

Vegna Covid19-heimsfaraldursins var opnunartíminn takmarkaðri en áður. Opið var um páska og á menningarhátíðinni Vor í Árborg. Opnað var að nýju 29. maí og var opið til 15. september. Opið var um helgar í september og október. Opið var þrjár helgar í desember. Almennur aðgangseyrir var kr. 1.500.

Fjöldi gesta í söfnin árið 2021 varð 3.880 þar af 629 erlendir og 875 í skólahópum.

Fjöldi gesta í söfnin árið 2020 varð 1.306 þar af 210 erlendir og 460 í skólahópum.

Fjöldi gesta í söfnin árið 2019 varð 5.580, þar af 1.370 erlendir og 445 í skólahópum.

Fjöldi gesta í söfnin árið 2018 varð 5.690, þar af 2.055 erlendir og 380 í skólahópum.

Fjöldi gesta í söfnin árið 2017 varð 5.300, þar af 1.930 erlendir og 265 í skólahópum.

Fjöldi gesta í söfnin árið 2016 varð 5.220, þar af 1.767 erlendir og 316 í skólahópum.

Fjöldi gesta í söfnin árið 2015 varð 4.904, þar af 1.824 erlendir og 138 í skólahópum.

Fjöldi gesta í söfnin árið 2014 varð 4.381, þar af 1.680 erlendir og u.þ.b. 100 í skólahópum.

Fjöldi gesta í Húsið árið 2013 varð 4.693, þar af 1.636 erlendir og upb. 130 í skólahópum.

Fjöldi gesta í Húsið árið 2012 varð 4.297, þar af 1.057 erlendir og upb. 100 í skólahópum.

Fjöldi gesta í Húsið árið 2011 varð 3.721, þar af 651 erlendir og 360 í skólahópum.

Mælitæki við skráningu gesta er nákvæm og áreiðanleg talning starfsmanna. Mælingar sýna að um 80% af gestum Hússins koma jafnframt í Sjóminjasafnið á Eyrarbakka.

Gestum fjölgaði milli ára þrátt fyrir að faraldurinn væri í fullum gangi. Gestir komu á opnanir og viðburði og mikil aðsókn var að safninu á Jónsmessuhátíð Eyrbekkinga í júní. Skólahópar komu reyndar einkum í lok maí og á aðventu. Jóladaagskráin var vel sótt. Ýmsir ferðaþjónustuaðilar komu með hópa á safnið aftur og aftur.

Að Hafnarbrú 3 á Eyrarbakka og síðar Búðarstíg 22 skrifuðu 128 í gestabók skrifstofunnar árið 2021. Margir komu sem ekki skrifuðu í gestabókina. Árið 2020 komu 83. Á árinu 2019 skrifuðu 34 sig í gestabókina. Á árinu 2018 skrifuðu 138 sig í gestabók. Á árinu 2017 skrifuðu 106 sig í gestabók. Á árinu 2016 skrifaði 141 sig í gestabókina, 2015 skrifuðu 171 í gestabókina. Árið 2014 skrifuðu 190 gestir í gestabók. Árið 2013 skrifuðu 154 nafn sitt í gestabókina og 2012 skrifuðu 103. Gestir koma í margvíslegum erindagjörðum. Ótalinn er fjöldi þeirra sem komu í sal Búðarstígs 22 vegna félagsstarfss eldri borgara á Eyrarbakka, þrjónaklúbbs og félagsvistar. Einnig fundaði Héraðsnefnd Árnesinga í salnum 15. október og Bæjarstjórn Árborgar þann 15. desember. Nokkrir hópar komu gagnert í þeim erindagjörðum að skoða hina nýju aðstöðu.

Starfsfólk

Lýður Pálsson, sagnfræðingur BA, MA í hagnýtri menningarmiðlun, *safnstjóri* í 100% stöðu. Lýður hefur starfað við safnið frá árinu 1992. Starfssvið safnstjóra er víðtækt: Hann starfar eftir starfslýsingu safnstjóra, ber ábyrgð á rekstri safnsins og fjárreiðum, er talsmaður safnsins, skipuleggur starfsemina og ber ábyrgð á ráðningu annars starfsfólks. Hann sinnir skráningu, uppsetningu sýninga, viðburðastjórnun, leiðsögn fyrir hópa og grípur í gæslustörf þegar þörf er á. Ber einnig ábyrgð á að viðhaldi húsakynna sé sinnt og sinnir málefnum Rjómabúsins á Baugsstöðum. Hann er jafnframt starfsmaður bygginganefndar um framkvæmdir að Búðarstíg 22 og hefur umsjón með fjárreiðum og samskiptum við verktaka.

Ragnhildur Elísabet Sigfúsdóttir íslenskufraeðingur BA og safnafræðinemi kom til starfa 2. mars 2020. Starfsheiti hennar er *safnvörður* og starfar hún með safnstjóra að faglegum störfum safnsins. Á árinu vann hún einkum að flutningum og eflingu fræðlustarfsemi safnsins en áður var Ragnhildur íslenskukennari við Fjölbrautaskóla Suðurlands. Hún fór í ólaunað námsleyfi í árslok.

Linda Ásdísardóttir, íslenskufraeðingur BA og safnfræðingur MA, réði sig tímabundið til safnvarðarstarfa á árinu og hóf störf 1. desember. Hún er gjörkunnug safninu en hún var safnvörður frá 2008 til 2019 þegar hún réði sig á Þjóðminjasafnið.

Íris Ásdísardóttir vann yfir sumarið við gæslu í Húsinu.

Kristinn Júníusson háskólanemi vann yfir sumarið við gæslu.

Moira Dis Bichard framhaldsskólanemi vann yfir sumarið við gæslu í Sjóminjasafninu.

Freyja Katra Erlingsdóttir hefur starfað við safnið á sumrin í rúman áratug. Hún sá um að halda Rjómabúinu á Baugsstöðum opnu um helgar í júlí og ágúst og tók á móti hópum á öðrum tímum. Hún sat vaktir í Húsinu og Sjóminjasafninu jafnframt. Á fyrstu mánuðum ársins vann Freyja að skönnun ljósmynda og myndsetningu þeirra í gagnagrunninn Sarp. Í desember sat Freyja vaktir í Húsinu þegar jólasýningin var opin.

Patrekur Friðriksson sat nokkrar vaktir í Sjóminjasafninu í ágúst.

Hjónin Ásmundur Þórir Ólafsson og Súsanna Torfadóttir sáu um umhirðu Kirkjubæjargarðs.

Jónína Eirný Sigurðardóttir var ræstitæknir safnanna.

Gunnlaugur Gunnar Jónsson vann að flutningi safnmuna í Búðarstígs 22 í júní, júlí ágúst og september.

Emil Guðjónsson vann að flutningi safnmuna í Búðarstíg 22 í júní og júlí en lét þá af störfum vegna heilsubrests.

Böðvar Sverrisson vann að flutningi safnmuna í Búðarstíg 22 í júlí, ágúst og september.

Tvær fjórtán ára stúlkur þær Þórhildur Lilja Hafsteinsdóttir og Hjördís Katla Jónasdóttir aðstoðuðu um sumarið við flutninga í Búðarstíg 22 og einnig við umhirðu garða Kirkjubæjar og Hússins.

Safnið naut aðstoðar Auðlindar, atvinnu- og virknilausnar Sveitarfélagsins Árborgar við flutninga í Búðarstíg 22 og við umhirðu garðs Kirkjubæjar.

Guðjón Guðmundsson rafvirki er einnig á launaskrá vegna öryggismála.

Húsakynni

Prettán hús, stór og smá, tengjast starfsemi Byggðasafns Árnesinga að hluta eða öllu leyti.

Þjónustuhús með skrifstofu og aðalgeymslum safnanna var að Hafnarbrú 3 á Eyrarbakka fram eftir ári en skrifstofan var flutt 29. júlí í Búðarstíg 22. Safnið leigði það af Alpan ehf. Þar til húsið var tæmt af safnmunum og öðru hafurtaski sem var í mánaðarlok september.

Húsið og Assistentahúsið hýsa grunnsýningu Byggðasafns Árnesinga. Þar eru einnig Eggjaskúrinn og útihúsin.

Kirkjubær, lítið timburhús vestan Hússins á Eyrarbakka, var keypt af safninu 2011, gert upp og opnað til sýningar 2016.

Þann 24. apríl 2019 fjárfesti Byggðasafn Árnesinga í Búðarstíg 22 sem er 1704 fm að stærð. Hafnarbrú 3 var látin upp í kaupin. Það var gert upp á árunum 2019 til 2021 og aðlagð að þörfum safnsins.

Byggðasafn Árnesinga rekur Sjóminjasafnið á Eyrarbakka samkvæmt þjónustusamningi en viðhald húseigna Sjóminjasafnsins er í höndum Sveitarfélagsins Árborgar. Hús Sjóminjasafnsins eru sýningahús að Túngötu 59 og Beitningaskúrinn við Óðinshús. Stjórn Byggðasafns Árnesinga er jafnframt stjórn Sjóminjasafnsins á Eyrarbakka.

Umsjón muna Puriðarbúðar á Stokkseyri heyrir undir Byggðasafn Árnesinga en viðhald og umhirða lóðar er í höndum Sveitarfélagsins Árborgar.

Byggðasafn Árnesinga er 33% aðili að rekstri Rjómabúsins á Baugsstöðum.



Safnasvæðið á Eyrbakka, ljósm. Friðþjófur Helgason.

Viðgerðir og viðhald

Viðgerðir og viðhald húsakynna safnsins voru ekki miklar á árinu vegna framkvæmda við Búðarstíg 22. Frestað var viðgerðum á Eggjaskúrnum sem fyrirhugaðar voru á árinu. Einnig öðrum viðhaldsverkefnum sem ekki liggur eins á.

Settar voru UV-filmur í alla glugga Hússins, Assistentahússins, Eggjaskúrsins og Kirkjubæ til að hlífa safngripum af áhrifum sólarljóss.

Árið 2012 hófst Þjóðminjasafn Íslands handa um viðgerðir á útihúsunum fyrir norðan Húsið. Útihúsin voru byggð á tímabilinu 1910 til 1919, fjósið og fjárhúsið voru byggð á tímum dönsku kaupmannanna en hjallurinn er frá tímum Kaupfélagsins Heklu sem átti Húsið frá 1919 til 1925. Fjósið var byggt í gömlum herragarðsstíl og hið elsta á landinu með steiptum flórum. Menningarsögulegt gildi þess er því ótvírætt. Á árinu 2014 var Hjallurinn gerður upp. Árið 2015 var miðhúsið eða fjárhúsið gert upp.

Á árinu 2016 var unnið að viðgerðum á fjósinu sem er austast útihúsanna. Skipt var um þakefni og austurveggur endursteyptur í sömu stærð og áður var. Á árinu 2017 var gengið frá bárujárnri á göflum og steinsteyptir veggir að utan og innan pússaðir. Settar voru upp nýjar útidyrhurðir á fjósið. Fjósið var hvítalkað að innan en að öðru leyti hafa framkvæmdir legið niðri frá 2017 en stefnt að áframhaldandi viðgerðum innan tíðar. Gert er ráð fyrir að Byggðasafn Árnesinga verði með viðeigandi safnmuni þar til sýnis í framtíðinni.

Skráningarkerfi, aðföng og gefendur

Við Byggðasafn Árnesinga fer fram virk söfnun samkvæmt söfnunarstefnu sem endurskoðuð er á fjögurra ára fresti.

Allir safngripir og allar ljósmyndir Byggðasafns Árnesinga og Sjóminjasafnsins á Eyrarbakka eru skráðir í Sarp sem er miðlægur gagnagrunnur rekinn af Rekstrarfélagi Sarps og flest minjasöfn landsins standa að. Allir með nettengda tölvu geta þannig skoðað aðfangaskrá Byggðasafns Árnesinga sem og annarra safna á landinu. Undanfarin ár hefur gríðarlegt starf farið í að endurbæta skráninguna og mynda gripir og ljósmyndir fyrir Sarp. Á árinu 2021 voru lausráðnir starfsmenn settir í það tímafreka verk.

Ný aðföng eru skráð í sérstaka handskrifaða aðfangabók. Á grundvelli hennar eru gripir síðar skráðir í Sarp og þeir auðkenndir með safnmarki. Við þá skráningu eru helstu upplýsingar um gripinn tíundaðar, eins og útlit, saga, mál, efniviður, gerandi, gefandi, notandi og fleira sem skiptir máli varðandi sögu hans og útlit.

Tekið var við 34 afhendingum við söfnin á árinu 2021. Nær eingöngu munir, en örfá skjöl og ljósmyndir. Óskum um viðtöku ljósmynda og skjala er vísað á Héraðsskjalasafn Árnesinga. Tekið er við gripum í samræmi við söfnunarstefnu safnsins.

Í árslok 2021 voru flest aðföng síðustu ára skráð. Óskráðir eru nokkrir munir frá Litlu-Háeyri á Eyrarbakka sem komu á safnið 2011 og örfá aðföng frá 2011 til 2019. Aðföng 2021 voru að mestu leyti óskráð í árslok.

Fjöldi færslna í Sarpi hjá Byggðasafni Árnesinga var sem hér segir í árslok 2021:

Fjöldi ljósmynda voru 6.789 og 92 nýskráðar á árinu, fjöldi fornleifa voru 916, fjöldi minjasvæða/jarða voru 80, engar nýskráningar á árinu. Fjöldi muna voru 7.405, fjöldi nýskráðra muna árið 2021 voru 78. Í Sarpi eru jafnframt skráðar 138 bækur, ein teikning, 25 listaverk, 69 skjöl sem tengjast öðrum safnkosti og ein spurningaskrá. Í þessum tölum eru innifaldir munir og ljósmyndir Sjóminjasafnsins á Eyrarbakka og Tónminjaseturs Íslands. Fyrirhugað er að skrá safnkost Byggðasafns Ölfus í Sarp.

Unnið er öðru hverju við að setja ljósmyndir af munum og gömlum ljósmyndum í Sarp svo að safnkostur verði sýnilegur á netinu. Átak var gert í því á árunum 2020 og 2021 með styrk frá Safnaráði. Staðan í árslok 2021 var þessi: Á ytri vef Sarps eru birtar 6.788 ljósmyndafærslur, þar af 3.994 með viðhengdri mynd. Á ytri vef Sarps eru birtar 7.404 munafærslur, þar af 3.627 með viðhengdri mynd. Fleiri munir og ljósmyndir verða sýnilegir á næstu árum eftir því sem tími og fjármagn leyfir. Átaksverkefni við myndvæðingu safnmuna var í gangi í árslok og lýkur með vorinu í bili.



Meðal muna sem bárust á árinu 2021 má nefna líkan af íbúðarhúsinu í Birtingaholti sem reist var 1897 og brann 1951. Sigurfinnur Sigurðsson frá Birtingaholti gerði líkanið sem hann gaf safninu skömmu fyrir lát sitt. Ragnhildur G. Lárusdóttir gaf handgerða tösku gerða af Runólfi Eiríkssyni í Berghyl í Hrunamannahreppi. Gizur Gottskálksson gaf orgel föður síns Gottskálks Gizurarsonar á Hvoli í Ölfusi en orgelið var áður í Kaldaðarnesi í Flóa. Safninu barst jólatré úr viði og jární sem var í Hafsteini á Stokkseyri en ber með sér handbragð Gísla Brynjólfssonar á Haugi í Flóa. Einnig barst safninu skrifborð Stefáns Jasonarsonar í Vorsabæ í Flóa. Safnið veitti viðtöku dagbókum Bjarna Eggertssonar í Tjörn á Eyrarbakka en dagbækurnar voru faldar Héraðsskjalasafni Árnesinga til varðveislu. Úr fórum Ragnhildar Einarsdóttur í Holtakotum í Biskupstungum komu skyrtubrjóst.

Gefendur 2021 voru Ragnhildur G. Lárusdóttir, Guðmundur H. Jónsson, Loftur Kristinsson, Björg Eyjólfsdóttir, Gizur Gottskálksson, Hermundur Guðsteinsson, Guðný Siggeirsdóttir, Vigfús Markússon, Jón Karl Haraldsson, Davíð Jóhannesson, Inga Lára Baldvinsdóttir, Þórhildur Svava Svavarsdóttir, Guðbrandur Valdimarsson, Ingibjörg Eiríksdóttir, Ólafur Ragnarsson, Þórir Þórðarson, Grímur Hákonarson, Jóhannes Ólafsson, Jón G. Halldórsson, Arnar Guðmundsson, Signý Jörundsdóttir, Jóhanna S. Hannesdóttir, Árni Eiríksson frá Hátúni, Eva Arnardóttir, Þorbjörg og Sigríður Ragna Sigurðardóttir, Valgeir Getsson, Baldur Sigurðsson, Jóhann Jóhannsson, Sigurfinnur Sigurðsson, Jón Ólafur Karlsson og Guðbjörg Guðjónsdóttir.

Aðstaða til varðveislu

Safnmunir eru varðveittir í öllum byggingum Byggðasafns Árnesinga og Sjóminjasafnsins á Eyrarbakka. Varðveisluskilyrði eru misjöfn. Í Búðarstíg 22 er mjög góð aðstaða til varðveislu safnmuna. Í Búðarstíg 22, Húsinu, Assistentahúsinu, Eggjaskúrnum, Kirkjubæ og Sjóminjasafninu eru öryggiskerfi beintengd vaktþjónustu og til viðbótar vatnsúðunarkerfi í Húsinu og Assistentahúsinu.

Unnið er að fyrirbyggjandi forvörslu í húsakynnum safnsins. Gengið hefur verið frá safnmunum í öskjum og sýrufír pappír hafður utan um. Allt er það gert til að tryggja varðveislu til framtíðar. Safnið hefur notið styrkja frá Safnasjóði til verksins. Forvörðurinn Nathalie Jacqueminet er ráðgjafi safnsins auk forvarða Þjóðminjasafns Íslands.

Síðla ársins 2016 skilaði Byggðasafn Árnesinga gátlista Safnaráðs um varðveisluaðstæður á sýningum og geymslum Byggðasafns Árnesinga. Skilað var fjórum gátlistum, fyrir Hafnarbrú 3, Mundakotsskemmu, Húsið og Sjóminjasafnið. Matsskýrsla Safnaráðs á ástandi sýninga og geymslna Byggðasafns Árnesinga barst í mars 2017. Um er að ræða viðamikla úttekt sem sýnir að staða mála er í mörgum atriðum ágæt en þó er úrbóta þörf sums staðar. Farið var strax í að bregðast við skýrslunni og hefja úrbætur þar sem kostnaður var lítill. Fimm ára frestur var gefinn til að leysa úr málum Mundakotsskemmu sem dæmd var ófullnægjandi að öllu leyti. Tekið var til hendinni á árinu 2019 og Mundakotsskemman var tæmd í febrúar 2020. Er aðstaða þeirra í skemmu Búðarstígs 22 allt önnur og betri. Og á árinu 2021 var enn tekið til hendinni með flutningum úr Hafnarbrú 3 í Búðarstíg 22 og naut safnið ráðgjafar Nathalie Jacqueminet forvarðar sem kom í nokkur skipti á meðan á flutningum stóð og gaf fjölda mörg góð ráð.

Fulltrúi frá Safnaráði kom í safnið í maí 2021 og leit yfir aðstöðuna bæði á sýningum og í varðveisluhúsnæði og kom skýrsla í janúar 2022. Von er á nýrri heimsókn í maí 2022.

Búðarstígur 22 tekinn að öllu leyti til nota fyrir safnið

Í desember 2021 gaf safnið út skýrslu um kaup Búðarstíg 22 og framkvæmdir við endurgerð þess. Hún er svohljóðandi í heild:



BYGGÐASAFN ÁRNESINGA



KAUP BYGGÐASAFNS ÁRNESINGA Á BÚÐARSTÍG 22 Á EYRARBAKKA OG YFIRLIT UM FRAMKVÆMDIR



Byggðasafn Árnesinga er stofnun í eigu Héraðsnefndar Árnesinga bs. Starfssvæði safnsins er Árnæssýsla og standa öll átta sveitarfélög sýslunnar á bak við safnið með árlegum fjárframlögum sínum til héraðsnefndarinnar sem veitir því áfram til safnsins. Byggðasafn Árnesinga er viðurkennt safn af hálfu Safnaráðs og starfsmenn safnsins starfa eftir siðareglum ICOM. Grunnkýning safnsins er í Húsinu á Eyrarbakka með viðbyggingum og í Kirkjubæ þar skammt frá. Safnið sér um allan rekstur Sjóminjasafnsins á Eyrarbakka fyrir eiganda þess Sveitarfélagið Árborg og um daglegan rekstur Rjórabúsins á Baugsstöðum.

Við Byggðasafn Árnesinga á sér stað stöðug söfnun aðfanga samkvæmt samþykktri söfnunarstefnu. Söfnun hefur átt sér stað frá árinu 1953 og hafa safngripir í mismiklu hlutfalli verið til sýnis á grunnsýningum safnsins hverju sinni. Fjöldi skráðra safnmuna í árslok 2020 var 7.376 og ljósmyndir 6.696 talsins. Þeir gripir sem ekki eru á sýningum hafa verið varðveittir í sérstöku rými. Í upphafi þessarar aldar var gert átak í varðveislumálum og 425 fm hús að Hafnarbrú 3 á Eyrarbakka var byggt og tekið í notkun og hýsti varðveislurými, vinnuástöðu og skrifstofu safnsins. Fyrir byggingu þessa húss hlaut Byggðasafn Árnesinga Íslensku safnaverðlaunin árið 2002. Jafnframt nýtti safnið hina svokölluðu Mundakotsskemmu fyrir stærri gripi sína.

Húsnæðismál og aðbúnaður safnmuna hafa verið í deiglunni hjá Byggðasafni Árnesinga undanfarin ár á vettvangi stjórnar safnsins og Héraðsnefndar Árnesinga. Í kjölfar skýrslu Safnaráðs frá mars 2017, þar sem gerð var athugasemd við Mundakotsskemmu og þröngan aðbúnað safnmuna í Hafnarbrú 3, og einnig í ljósi þess að Sveitarfélagið Ölfus hefur beðið Byggðasafn Árnesinga að taka við gripum byggðasafns síns hefur verið reynt að finna fullnægjandi lausnir á varðveislumálum safnsins. Skoðaðar voru ýmsar lausnir einkum nýbygging á hentugum stað á Eyrarbakka.



Í október 2018 kom upp sú hugmynd að kaupa nýjasta hluta Búðarstígs 22 fyrir grófmuni safnsins og fá hentugan leigjanda í helming þess húsnæðis. Búðarstígur 22 var á skrá hjá fasteignasöllum. Eigandi Búðarstíg 22 var þá Alpan ehf. Í daglegu tali er þessi bygging nefnd Einarshöfn eða Alpan-húsið vegna fyrri notkunar þess. Í lok ársins 2018 var unnið að ástandsskýrslu á Búðarstíg 22. Þá voru hugmyndir á vettvangi héraðsnefndar um að kaupa húsið fyrir Byggðasafn Árnesinga og Héraðsskjalasafn Árnesinga. Verkfræðistofan Efla sá um úttektina. Úttekt Eflu var tilbúin um miðjan janúar árið 2019.

Skemma Búðarstígs 22 er um 800 fm að stærð en húsið allt með eldri húshlutum 1703 fm. Boðað var til héraðsnefndarfundar í Húsinu á Eyrarbakka 11. febrúar 2019 og var þar samþykkt að bjóða Hafnarbrú 3 sem hluta af tilboði og gera í framhaldinu kauptilboð í Búðarstíg 22 fyrir Byggðasafn Árnesinga. Jafnframt var samþykkt að taka lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga með ábyrgð aðildarsveitarfélaga Héraðsnefndar Árnesinga að upphæð 100 milljónir króna til kaupanna og að gera austasta og nýjasta hluta hússins, 800 fm skemmu, tilbúna til notkunar. Fallið var frá því að hafa Héraðsskjalasafn Árnesinga í Búðarstíg 22 en það var reyndar kannað síðar hvort það væri mögulegt með viðbyggingu. Héraðsnefnd Árnesinga var fullljóst að í miklar framkvæmdir þyrfti að ráðast í til að húsið fullnægði kröfum til safnhúsa.

Safnstjóri sá um viðræður við Þjóðminjasafn Íslands um að Þjóðminjasafnið leigði helming skemmunar fyrir tækniminjar sínar til langs tíma.

Þann 22. apríl 2019 var skrifað undir samninga við Alpan ehf. annarsvegar um kaup safnsins á Búðarstíg 22 með afhendingu strax og hinsvegar um kaup Alpan á Hafnarbrú 3 með afhendingu þegar endurgerð Búðarstíg 22 og flutningi safnkosts væri lokið.

Bygginganefnd skipuð stjórn safnsins og formanni Héraðsnefndar Árnesinga tók til starfa og á fyrsta fundi hennar var ákveðið að fá Grím Jónsson byggingameistara hjá GJ tæki og fasteignir ehf til að stýra framkvæmdum. Lýður Pálsson safnstjóri og prókúruhafi safnsins var starfsmaður nefndarinnar og sá um allar fjárreiður verksins frá upphafi til enda. Stofnaður var sérstakur byggingareikningur til að halda utan um útgjöld og framlög verkefnisins.

Lýður Pálsson safnstjóri og Nathalie Jaqueminet forvörður gerðu þarfagreiningu og rýmisáætlun fyrir allt húsið sem nýttist við hönnun hússins með tilliti til framtíðarnotkunar. Samúel Smári Hreggviðsson byggingatæknifræðingur hjá Húsey ehf var hönnuður framkvæmda. Lýður og Samúel Smári lögðu svo fram teikningar sem unnið var eftir af iðnaðarmönnum. Framtíðarskipulag hússins var mótað á þennan veg:

Byggingin að Búðarstíg 22 skiptist í fjóra húshluta. Elst er skrifstofurýmið 215 fermetra og er lengst í vestur. Þar verða skrifstofur, snyrtingar, kaffistofa og fjölnota salur fyrir sýningar, fyrirlestra, fundi og félagsstarf. Til hliðar er upprunalegi vinnslusalurinn sem er 453 fermetra að stærð sem kalla mætti miðrymi eða aðalsal. Þar er gert ráð fyrir að obbinn af safnkostinum verði varðveittur í framtíðinni og sérrými og vinnustofa afþiljuð sunnan við þann sal. Norðvestur af miðryminu er 168 fermetra salur sem kalla má norðurrými eða móttökusal, þar sem gert er ráð fyrir innkeyrsluhurð í þann sal og miðrymið. Þar verða einnig geymdir margvíslegir hlutir sem tengjast safnastarfsemi eins og sýningapúlt, gínur, plexíglar, gamlar sérsýningar, munir tengdir safnfræðslu og annað sem ekki telst til skráðra safngripa. Austast er skemman sem er um 861 fermetri að stærð. Skemmunni verður skipt í tvo jafnstóra hluta með brunaheldu skilrúmi. Þjóðminjasafni Íslands verður leigður nyrðri hlutinn til 10 ára. Byggðasafn Árnesinga nýtir syðri hlutann undir stóru gripina sína, eins og bíla, báta, vélar og merka baðstofuviði. (Úr blaðagrein safnstjóra þar sem kaup safnsins á Búðarstíg 22 voru kynnt, júlí 2019)

Grímur Jónsson byggingameistari, eigandi og framkvæmdastjóri GJ tæki og fasteignir ehf, stýrði framkvæmdum. Tekið var strax til starfa að lokinni undirskrift kaupsamninga. Starfsmenn Gríms unnu allt tréverk en aðrir verktakar voru Raflagnaþjónusta Selfoss, Tröllalagnir, Árvirkinn og Hurðalausnir.

Skemman var lagfærð á árinu 2019 þannig að Byggingasafn Árnesinga og Þjóðminjasafn Íslands gátu farið að nýta hana í nóvember það ár. Einnig voru skilin milli skemmu og miðrýmis lagfærð með

nýjum vegg og lagfæringar voru gerðar á þökum skemmunnar og miðrýmis. Verð Búðarstígs 22 var 83 milljónir króna, Hafnarbrú 3 var tekin upp í fyrir 37 milljónir og framkvæmt var fyrir 59 milljónir króna. Safnið tók skemmuna í notkun í



febrúar 2020 og tók samhlíða úr notkun Mundakotsskemmu sem dæmd hafði verið ónothæf sem safnmunageymsla af Safnaráði.

Á meðan á öllu framkvæmdaferlinu stóð átti safnstjóri í viðræðum við Mennta- og menningarmálaráðuneytið og Safnaráð um styrk ríkissjóðs til framkvæmdanna. Samskiptin voru við Eirík Þorláksson og Baldur Þóri Guðmundsson fulltrúa hjá Mmr og Þóru Björk Ólafsdóttur framkvæmdastjóra Safnaráðs. Ríkisstyrkur var í boði ef fjármagn væri til staðar samkvæmt fjárlögum. Sótt var um styrk til ráðuneytis að upphæð 25 milljónir króna í júní 2019. Umsóknin var lögð til umsagnar Safnaráðs sem veitti sitt samþykki. Skrifað var undir samning um stofnframlag til framkvæmda í febrúar 2021.

Tekin voru lán að upphæð 120 milljónir og Mennta- og menningarmálaráðuneytið veitti styrkloforð fyrir 25 milljónum króna til framkvæmda samkvæmt safnalögum. Átak stjórnvalda „Allir vinna“ þar sem endurgreiddur var virðisaukaskattur af vinnu á verkstað skilaði 18,6 milljónum króna þegar upp var staðið. Með þessu fjármagni var hægt að ljúka framkvæmdum vorið 2021. Tekið var skammtímalán í viðskiptabanka safnsins til að brúa bilið.

Á árinu 2020 var haldið áfram viðgerðum á Búðarstíg 22 og voru eldri hlutar hússins gerðir upp. Samið var við Grím Jónsson um byggingastjórn og GJ tæki og fasteignir ehf um viðgerð og standsetningu eldri hluta Búðarstígs 22. Framkvæmdir hófust aftur eftir páska 2020 og var unnið að lagfæringu á ytra byrði eldri hluta Búðarstígs 22, þaki og útveggjum. Settar voru upp akstursdyr á norðvesturhluta hússins og steypur sökkull að nýjum inngangi að skrifstofu og sal. Leitað var tilboða í ýmsa verkþætti sem undirverktakar unnu. Samúel Smári Hreggviðsson byggingatæknifræðingur hjá Húsey ehf sá um hönnun og að koma teikningum til byggingafulltrúa Árborgar til umfjöllunar og afgreiðslu. Gerð var krafa um brunahönnun hússins og var það leyst. Fjarlægð var gömul klæðning á húsinu og gamlir gluggar og þak endurnýjað. Smíðaður var nýr inngangur í skrifstofurýmið steipt nýtt gólf í aðalsal og norðvestursal. Fjarlægðir voru gamlir innveggir í skrifstofuhluta. Lagðar voru nýjar

frárennslislagnir í skrifstofurými og gólf lagfært. Í varðveislurýmum voru loft og stálbitar gifsklædd og allt málað. Afþiljað var lagnaherbergi í norðvesturrými og í aðalsal. Skipt var um pípulagnir og settur upp forhitari. Raflagnir voru hannaðar af Þór Stefánssyni hjá Rafhönnun, verðkönnun meðal rafverktaka var gerð í desember.



Árvirkinn varð lægstur í verðkönnun raffyrirtækja um lagnir í aðalrými, norðvesturrými og skrifstofurými og tóku strax til handa í byrjun árs 2021 og voru öðru hvoru að störfum til loka verksins.

Starfsmenn Gríms Jónssonar unnu árið 2021 frá ársbyrjun fram í apríl við að ganga frá varðveislurýmum svo að þau yrðu tilbúin til notkunar. Veggir og stálgrindur voru gifsklædd, settir upp milliveggir í aðalsal og gólfið málað með epoxín slitþolinni málningu. Á meðan á þeirri framkvæmd stóð fékk safnið Lilju D. Alfreðsdóttur mennta- og menningamálaráðherra í heimsókn, skoðaði hún húsið og framkvæmdir og skrifaði undir samning um 25 milljón króna styrk ríkissjóðs til framkvæmda samkvæmt safnalögum. Utandyra voru útveggir klæddir grænu bárujárni. En Árvirkinn setti svo upp öryggiskerfi fyrir allt húsið og lauk því verki í lok maí, þá loks hófust flutningar í húsið úr Hafnarbrú 3.

Starfsmenn Gríms Jónssonar unnu frá apríl og fram í maí við að innrétta skrifstofurýmið. Veggir úr gísi voru settir upp og unnið að því að afmarka skrifstofurýmið í skrifstofu, snyrtingar, kaffistofu og sal. Veggir voru málaðir og öðru hvoru komu pípulagningamenn og lögðu nýjar lagnir, settu upp ofna og allt sem þurfti í snyrtingar hússins. Málarar frá Selfossi máluðu vegg í skrifstofurými og múrarameistari sá um að leggja nýjar flísar á gólf skrifstofurýmis og á vegg og gólf snyrtinga. Uppgerð hússins lauk í júní en í ágústlok var gengið frá lóð og steipt stétt við aðalinngang.

Unnið var að flutningum úr Hafnarbrú 3 í Búðarstíg frá júní 2021 og var tekinn á leigu flutningabifreið til verksins. Skrifstofa safnsins var flutt úr Hafnarbrú 3 í Búðarstíg 22 þann 29. júlí 2021. Flutningar voru almennt flóknir enda um viðkæma safnmuni að ræða en allt gekk áfallalaust fyrir sig. Lausráðnir starfsmenn unnu að flutningum ásamt föstum starfsmönnum safnsins og naut safnið einnig aðstoðar forvarðar. Flutningi í Búðarstíg 22 var lokið í septemberlok en unnið verður að uppröðun safnmuna fram til loka árs 2022.

Kostnaður við verkefnið sundurliðast þannig í grófum dráttum:

FRAMKVÆMDAKOSTNAÐUR			
Fyrri hluti framkvæmda, kaup og sala, standsetning skemmu og viðgerð á þaki, fjármögnun			
Lán hjá lánasjóði sveitarfélaga apríl 2019		100.000.000	
Kaup á Búðarstíg 22			83.000.000
Sala Hafnarbrúar 3		37.000.000	
Stimpilgjöld, sölulaun og fleira			2.430.528
Framkvæmdir frá apríl 2019 til janúar 2020			51.560.000
		137.000.000	136.990.528
Seinni hluti framkvæmda við Búðarstíg 22 2020-2021			
Greiddar eftirstöðvar fyrri áfanga		3.808.860	
GJ verktaki		88.047.763	
Aðrir verktakar		45.481.656	
Efniskaup mest í Húsasmiðjunni og víðsvegar		18.813.717	
Förgun efnis		1.458.305	
Hönnun m vsk		3.380.997	
Innvextir mínus vaxtagjöld og kostnaður	-	5.718	
Annar kostnaður		51.716	
		Alls	161.037.296
Útistandandi skuldir			
Engar			
		Alls	-
Áætlaður kostnaður við það sem eftir er			
GJ verktakar, allskonar smálegur frágangur		400.000	
Árvirkinn samkvæmt útboði		452.699	Eftirstöðvar útboðs
Árvirkinn aukaverk samkvæmt lista		222.500	Bílarafhleðslustöð
Hönnun, Húsey og Rafteikn m vsk - áætlað		1.338.084	
Annar og ófyrirséður kostnaður		50.000	
		Alls	2.463.283
		Alls	163.500.579
Fjármögnun seinni hluta			
		Áætlun	Komið
Lán, (Lánasjóður sveitarfélaga til seinni hluta framkvæmda)		120.000.000	120.000.000
Ríkisstyrkur skv samningi		25.000.000	20.000.000
Allir vinna - endgr vsk af vinnu á byggingastað - áætlað		18.600.000	8.825.901
Endurgreiddur vsk af vinnu sérfræðinga - áætlað		773.139	
		164.373.139	148.825.901
YFIRLIT			
Kaupverð Búðarstígs 22, Eyrarbakka		83.000.000	
Sölulaun, stimpilgjald og skyld útgjöld		2.430.528	
Framkvæmdir fyrri hluti, skemman og tenging við aðra hluta		51.560.000	
Framkvæmdir seinni hluti, eldri hlutar hússins að utan og innan		163.500.579	
Lántökur hjá Lánasjóði sveitarfélaga			220.000.000
Endurgreiddur virðisaukaskattur af vinnu áætlaður			18.600.000
Styrkur frá Ríkissjóði			25.000.000
Sala Hafnarbrúar 3			37.000.000
		Samtölur	300.600.000
		300.491.107	300.600.000

Það sem eftir er að greiða telst ekki til framkvæmda. Árvirkinn á eftir að gera úttekt á rafkerfum og merkja rofa í aðaltöflu og eftir á að setja upp rafhleðslustöð fyrir bíla, ógreidd er vinna hönnuðar. GJ-verk hefur lokið sínu verki og endurgerð og aðlögun Búðarstígs 22 fyrir safnastarfsemi er lokið.

Byggðasafn Árnesinga stendur á miklum tímamótum. Algjör umbylting hefur orðið á húsnæðismálum þess með tilkomu nýs geymslu- og sýningarhúsnæði að Búðarstíg 22. Rétt eins og með tilkomu varðveisluhússins að Hafnarbrú 3 árið 2002 er safnið nú í forystu varðandi starfsaðstöðu safna á landsvísu.



Geymsluhúsnæði safnsins er nú allt á einum stað. Safnkosturinn hefur verið fluttur úr þröngu húsnæði að Hafnarbrú 3 og úr Mundakotsskemmu í endurgert hús að Búðarstíg 22 með stórbættri aðstöðu þar sem vel fer um gripina. Kappkostað er að vel fari um safnkost á nýjum stað og þrátt fyrir að búið sé að tæma Hafnarbrú 3 og skila til eigenda sinna þá er mjög mikið starf eftir við að

koma gripunum fyrir til frambúðar og gera þá flesta sýnilega í stafrænum heimi. Safnið stendur mjög vel hvað varðar skráningu á safnkosti þess í Sarp. Hins vegar vantar upp á að myndvæða skráninguna og fjöldi færslna er því myndlaus. Áætla má að verkefni þetta taki nokkur ár og kalli á aukna þörf á mannafla. Gert er ráð fyrir að áfram verði tekið við aðföngum sem boðnir verði safninu og er hugað til framtíðar.

Með stærra húsnæði og aukinni starfsemi með nýjum sal kemur í ljós brýn þörf fyrir meiri faglegan mannafla til að sinna safnastarfinu. Í starfsáætlun og rekstraráætlun safnsins fyrir 2022 er gert ráð fyrir að frá og með 1. júlí 2022 verði faglegir starfsmenn þrír í stað tveggja eins og verið hefur frá 2008 eða síðustu 12 ár og hefur Héraðsnefnd Árnesinga þegar samþykkt þá tillögu á haustfundi sínum.



Starfsemi safna 21. aldarinnar hefur líkt og flest annað sem viðkemur mannlegri tilveru tekið stakkaskiptum og eru söfn í nútímanum annað og meira en rými þar sem gömlum munum er stillt upp með viðeigandi skýringartextum. Söfn taka nú mun kröftugri þátt í ýmis konar verkefnum, viðburðum, sýningum, fræðslu, málstofum, skólafræðslu, afþreyingu og mannrækt ýmis konar samfélaginu til heilla.

Gott safnastarf byggir á öflugu innra starfi þar sem handtökin eru mörg og krefjast faglegrar þekkingar, drifkrafts og skipulags. Það er nauðsynlegt að huga að innviðum safnsins, stökkva á tækifærin þegar þau bjóðast, og taka þátt, auk þess vera sýnileg í samfélaginu og skipta máli. Vera áfangastaður fyrir ferðamenn og griðastaður fyrir heimamenn á breytingatímum.

Til stendur að komu upp nákvæmu hilluskráningarkerfi sem verður vistað í gagnagrunninum Sarpí. Þar með er hver hilla númeruð og hver gripur skráður sem í henni er. Við þetta yrði til eins konar lagerskrá fyrir safnið. Þetta er metnaðarfullt markmið í takt við nýtt og glæsilegt varðveisluhúsnæði. Þar með gefst kostur á því að öðlast verulega góða yfirsýn yfir



safnkostinn, laga skráningar, mynda gripi og grisja þar sem það á við. Í framhaldi af þessu verður hægt að halda áfram markvissri og ábyrgri söfnun á munum og minjum Árnessýslu. Þá verður rannsóknarstarf allt betra og ástand gripa til sýningar eins og best verður á kosið.

Safnkostur Byggðasafns Árnesinga telur tæplega 7500 gripi að meðtöldum nýjum óskráðum aðföngum, enn á eftir að mynda um 70% af safnkostinum. Um 450 safngripir Byggðasafns Ölfuss sem komið hefur verið fyrir til bráðabirgða í varðveislurými safnsins eru enn óskráðir í Sarp og hafa ekki verið ljósmyndaðir.

Byggðasafn Árnesinga er viðurkennt safn samkvæmt Safnalögum. Í því felast skyldur hvað varðar varðveislu og allan aðbúnað safnkosts. Safninu ber að rannsaka og forverja safnkost sinn og sér Safnaráð um eftirlit með faglegri starfsemi safnsins. Byggðasafn Árnesinga hyggst áfram vera í forystu hvað varðar varðveislusafnkostsins og varðveita hann til framtíðar.

Héraðsnefnd Árnesinga er skipuð sveitarstjórnarmönnum sem kjörnir eru í sveitastjórnarkosningum og því fulltrúar almennings í héraðinu. Þann 11. febrúar 2019 má telja tímamótadag í sögu Byggðasafns Árnesinga þegar héraðsnefndin samþykkti að stórefla varðveislupátt safnsins með stærra húsnæði. Fyrir það ber að þakka.

Eyrarbakka, 15. desember 2021,

Lýður Pálsson

safnstjóri.

Við skýrsluna má bæta þökkum til Ingibjargar Garðarsdóttur fjárhaldsmanns Héraðsnefndar Árnesinga fyrir aðstoð við að útvega safninu lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga. Hún sá um skjalagerð og samskipti við sjóðinn og útvegaði undirskriftir sveitastjóra héraðsins vegna ábyrgðar sveitarfélaganna. Einnig ber að þakka Auðlindinni, atvinnu- og virknilausnum Sveitarfélagsins Árborgar, fyrir aðstoð við að flytja safnmuni þegar mest lá við í september 2021. Auk fastra starfsmanna safnsins unnu Guðlaugur Gunnar Jónsson, Emil Guðjónsson, Böðvar Sverrisson og fleiri að flutningum. Ýmsir veittu margvíslega hjálp. Öllum er þakkað og safnið komið í framúrskarandi aðstöðu.

Rannsóknir og miðlun rannsókna

Á árinu 2021 voru rannsóknir margþættar. Meðal annars má nefna rannsóknir Lindu Ásdísardóttur sýningarstjóra Missis auk Lýðs Pálssonar og Ragnhildar Elísabetar Sigfúsdóttur á bakgrunni ýmissa tilfinningaþrunginna safnmuna sem prýddu sýninguna.

Hluti af starfseminni er öflun viðbótarupplýsinga um safngripi og ljósmyndir – og reyndar almennt um sögu og menningu alls héraðsins og úrvinnsla og vistun á þessum upplýsingum. Jafnframt hefur verið lögð mikil rækt við sögu Hússins á Eyrarbakka.

Rannsóknir á sögu Hússins á Eyrarbakka er hluti af rannsóknum Byggðasafns Árnesinga. Ritið Húsið á Eyrarbakka sem kom út í júní 2014 er afrakstur rannsókna Lýðs Pálssonar undanfarna áratugi. Enn er að safnast í þann sarp.

Saga Kirkjubæjar hefur verið rannsökuð á árinu 2012. Afrakstur þess rannsóknarstarfs var í glæsilegum sýningartexta í Kirkjubæ þar sem fjallað var um sögu hússins og eigendur og íbúar listaðir upp.

Skráðir eru þjóðhættir og varðveitt gögn sem varpa ljósi á siði, venjur og lífshætti í Árnessýslu. Sumar þeirra, t.d. jarðskjálftasögur Sunnlendinga frá árinu 2008 hafa verið skráðar í Sarp. Verkefnið flokkast undir samtímasöfnun þar sem safnað var upplifun og reynsla fólks af sínum samtíma.

Rannsóknir fara fram í tengslum við flestar sýningar safnsins. Á árinu 2019 var saga Búðarstígs 22 rannsökuð og dregin saman í grein sem birtist í Dagskránni á Selfossi um sumarið. Rannsakaðar voru ljósmyndir vegna Eyrarbakkamýnda Sigurðar kaupmanns og ýmsir safngripir vegna sumarsýningarinnar Missis.

Aðrar rannsóknir eru m.a. gerðar á sögu safnanna og einstaka sinnum af einskærum áhuga og af frumkvæði starfsmanna og má gjarnan finna afrakstur þessi í miðlunarefni safnsins hvort sem það er í sýningatextum, samfélagsmiðlum eða mæltu máli til gesta. Miðlun til safngesta í sýningum, í ávarpi, á samfélagsmiðlum og á vefsíðunni www.byggdasafn.is er afrakstur rannsóknarstarfs Byggðasafns Árnesinga. Starfsmenn safnsins taka á móti mörgum tugum hópa á hverju ári og miðla í hvert sinn fróðleik um Húsið og safnmunina til fróðleiksfúsra gesta. Sú miðlun væri ekki möguleg nema fyrir afrakstur rannsókna.

Safnstjóri tekur þátt í vinnuhópi um Verndarsvæði í byggð á Eyrarbakka sem stýrt er af landslagsarkitektum hjá Landform á Selfossi. Þekking starfsmanna Byggðasafns Árnesinga á búsetulandslagi og sögu Eyrarbakka er mikil. Enginn fundur var haldinn í vinnuhópnum á árinu.

Ótalin eru fræðastörf sem faglegir starfsmenn sinna í krafti menntunar sinnar. Lýður Pálsson hefur stundað leiðsagnir fyrir áhugasama hópa um Flóann.

Ragnhildur Elísabet Sigfúsdóttir safnvörður hefur nýtt þekkingu sína af fræðslu og kennslu við miðlun og rannsóknir í safninu. Í mars 2020 var lögð fram fræðslustefna Byggðasafns Árnesinga þar sem lögð er áhersla á samstarf safnsins við kennara og stjórnendur skóla héraðsins við gerð og þróun hinna ýmsu fræðsluverkefna sem kallast á við viðfangsefni nemenda í sínu námi. Markmiðið er að safnið og safnkostur þess gagnist skólastarfinu og nærsamfélaginu. Sömuleiðis að leggja grunn að lifandi samstarfi og tengslaneti safnsins við skóla á öllum skólastigum í héraðinu.

Sýningar, viðburðir og önnur miðlun 2021

Miðlun á vegum Byggðasafns Árnesinga og Sjóminjasafnsins á Eyrarbakka á sér stað í gegnum grunnsýningar safnanna í Húsinu á Eyrarbakka, Kirkjubæ, Beitningaskúrnum við Óðinshús og í sýningahúsi að Túngötu 59. Ákveðnu rými í báðum söfnunum er ætlað til sérsýninga og skal hér greint frá þeim og sömuleiðis helstu viðburðum sem í boði voru á söfnunum. Safngripir frá Byggðasafni Árnesinga eru á sýningum á 15 stöðum á Suðurlandi. Er það liður í miðlun safnsins. Aðfangaskrá Byggðasafns Árnesinga er sýnileg í ytri gátt Sarps og því einnig liður í miðlun safnsins.

Eins og árið 2020 setti heimsfaraldurinn Covid19 svip sinn á starfsemi safnsins. Starfsemin út á við mótaðist af tilkynningum sóttvarnalækis og yfirvalda og stundum þurfti að skella í lás og ekki mátti hafa viðburði. Grímuskylða var megnið á árinu. Skólahópar komu reyndar reglulega og þökkaleg aðsókn var um sumarið. Haldnar voru hátíðir en aðsókn var ekki eins góð og árið 2019.

Þorrasýning. Á þorra var boðið upp á sýningu um þorrann fyrir elstu deildir leikskóla og yngstu bekkir grunnskóla.

Minnispeningar frá Washington-eyju. Þann 12. janúar brá safnstjóri sér á Bessastaði og hann ásamt Almari Grímssyni afhenti forseta Íslands herra Guðna Th. Jóhannessyni minnispening sem gerður var í tilefni 150 ára upphafs Vesturheimsferða sem hófust frá Húsinu á Eyrarbakka árið 1870. Hjónin Mary Jo og Richard Purinton á Washington-eyju höfðu frumkvæðið að gerð minnispeningsins sem sleginn var í takmörkuðu upplagi.

Ratleikur. Ratleikur sem gefinn var út árið 2019 var afhentur skólahópum og yngri safngestum allt árið. Leikurinn fer með gesti um öll safnhúsin á Eyrarbakka sem eru Húsið, Eggjaskúr, Kirkjubær og Sjóminjasafn.



Eyrbakkamyndir Sigurðar Kaupmanns. Laugardaginn fyrir Pálmasunnudag var lástemmd opnun á ljósmyndasýningunni *Eyrbakkamyndir Sigurðar kaupmanns*. Ljósmyndirnar voru fyrrum í eigu



Sigurðar Kristjánssonar kaupmanns á Eyrbakka. Þær voru teknar af honum og sýna Eyrbakka, bæði mannlíf og hús. Sonur Sigurðar, Jón Sigurðsson, lengstum varðstjóri á Litla-Hrauni léði myndirnar til eftirtöku. Um 100 ljósmyndir voru á sýningunni sem átti sér stað í borðstofu Hússins á Eyrbakka. Uppbyggingasjóður Suðurlands styrkti sýninguna.

Vor á safninu. Menningarhátíðin „Vor í Árborg“ var haldin í apríllök og var safnið opið með sýninguna

Eyrbakkamyndir Sigurðar Kaupmanns í öndvegi.

Íslenski safnadagurinn. Íslenski safnadagurinn sem jafnframt er alþjóðlegi safnadagurinn er 18. maí ár hvert. Söfn minntu á sig með rafrænum hætti og vöktu athygli á þróttmiklu innra starfi.

Sumaropnun. Sumartími gekk í garð hjá söfnunum á Eyrbakka, Húsinu og Sjóminjasafninu 29. maí og var opið til 15. september og um helgar í september og október. Þar var opið alla daga kl. 11-18 og eftir samkomulagi á öðrum tímum. Hið stórmerka 256 ára gamla hús var sem fyrr aðal aðdráttaraflíð og í Sjóminjasafninu hinn einstaki gripur áraskipið Farsæll stærstur safnmuna. Kirkjubær var opinn á sama tíma. Rjómbúið á Bausstöðum var opið um helgar í júlí og ágúst og eftir samkomulagi.



Missir. Sumarsýning Byggðasafns Árnesinga í borðstofu Hússins var opnuð 20. júní. Ýmsir safngripir Byggðasafns Árnesinga og Sjóminjasafnsins á Eyrbakka voru í öndvegi. Sýningin varpaði ljósi á safngripir sem tengdust fólki sem látist hafði óvænt. Þegar ástvinur deyr verða persónulegir hlutir gjarnan dýrgripir eftirlífenda. Látlausir gripir eins og skinnskór, herðasjal og pappírshátúr urðu því dýrgripir vegna þess að þeir tengdust látnum ástvini. Á sýningunni voru gripir frá tíu einstaklingum heiðraðir. Linda Ásdísardóttir var sýningarstjóri. Sýningin var styrkt af Safnasjóði og Uppbyggingasjóði Suðurlands.

Jónsmessuhátíðin á Eyrbakka var haldin í skugga faraldurs. Safnið var fjölsótt þennan dag en samsöngur í státsstofu féll niður vegna samkomutakmarkanna. Byggðasafn Árnesinga bauð upp á Sirkus Íslands í garðinum við góðar undirtektir ungra sem aldinna. Gamli slökkvibíllinn og Ferguson-tractor Ólafs heitins í Mundakoti voru á rúntinum.

KIA gullhringurinn. KIA gullhringurinn var hjólaður laugardaginn 10. júlí og fóru nokkrir flokkar í gegnum Eyrarbakka. Við Guðlaugsbúð og fyrir framan Húsið fengu keppendur hvatningu og smá aldamótastemningu. Félagar úr Leikfélagi Selfoss dubbuðu sig upp í búninga við hæfi og voru vopnuð gömlum gripum úr fótum Byggðasafns Árnesinga.

Leiðsögn um Missi. Linda Ásdísardóttir sýningarstjóri var með leiðsögn um sumarsýninguna Missi á lokadegi hennar 31. október.



Sirkus Íslands í garðinum á Jónsmessuhátíð.

Í skóginum stóð kofi einn – jóladagskrá

Byggðasafns Árnesinga. Jóladagskrá Byggðasafns Árnesinga byrjar ávallt með opnun jólasýningar og skáldastund í stásstofu Hússins. Á jólasýningunni skörtuðu gömlu jólatrén sínu fegursta í borðstofu og í stásstofu mátti hlýða á rithöfunda lesa úr nýjum verkum sínum. Eftirlíking elsta jólatrés Íslands var skreytt lyngi og sáu nemendur 10. bekkjar Barnaskólans á Eyrarbakka og Stokkseyri um það. Sýningin var opin á auglýstum tímum þrjár helgar í desember og fyrir hópa á öðrum tímum fram á þrettánda. Uppbyggingasjóður Suðurlands styrkti dagskrána.



KIA gullhringurinn.

Samstarf við Menntaskólann að Laugarvatni. Farið var í samstarf við 3. bekk Menntaskólans að Laugarvatni um skreytingar á þremur eftirgerðum af jólatré frá Miðengi. Menntaskælingar skreyttu jólatréð og var það síðan haft til sýnis á jólasýningu safnsins. Ragnhildur Elísabet Sigfúsdóttir safnvörður og Elín Una Jónsdóttir

íslenskukennari höfðu umsjón með verkefninu.

Skáldastund í stásstofu. Árlega er boðið upp á samverustund með rithöfundum og skáldum þar sem lesið er það nýjasta sem út kemur. Skáldastundin var 28. nóvember þetta árið. Þarna fengu gestir brot af ólíkum ritsmíðum eftir fjölbreyttan hóp. Það var enginn bókaunnandi svikinn af skáldastund í Húsinu. Þau sem lásu upp úr nýjum bókum sínum voru Inga Kristjánsdóttir, Einar Már Guðmundsson,



Benedikt Jóhannsson og Harpa Rún Kristjánsdóttir. Til stóð að fleiri kæmu að lestri en óhagstæðar samgöngur komu í veg fyrir það.

Barnaskáldastund. Gunnar Helgason leikari og rithöfundur og Bergrún Íris Sævarsdóttir rithöfundur stýrðu barnabókastund í bláu stofunni 4. desember. Fjöldi barna hlýddu á höfundana. Barnaskáldastund er nýmæli sem margir kunnu vel að meta og aðsókn var mjög góð.

Lóurnar streyma frá Húsinu. Laugardaginn 11. desember kom **Sönghópurinn Lóurnar** og flutti undurfögur jólalög.

Sveitarfélagið Árborg setti niður á torgið við Húsið fimm smáhýsi þar sem ýmsir gátu selt vörur í desember. Einnig voru tónlistaratriði. Féll það vel að jóladagskrá Byggðasafns Árnesinga.

Sjóminjasafnið á Eyrarbakka

Byggðasafn Árnesinga rekur Sjóminjasafnið á Eyrarbakka fyrir Sveitarfélagið Árborg samkvæmt þjónustusamningi. Stjórn Byggðasafns Árnesinga fer með yfirstjórn safnsins. Eignarvið Árborgar hefur umsjón með fasteignum safnsins og er kostnaður við viðhald og lóðir utan samningsins.

Sjóminjasafnið á Eyrarbakka tekur þátt í starfi Sambands íslenskra sjóminjasafna en markmið SÍS er að vera sameiginlegur vettvangur sjóminjasafna um sín mál, einkum á sviði söfnunarstefnu, kynningarmála og erlendra samskipta. Á vegum SÍS er unnið að gerð ítarlegrar bátaskrár sem er nær tilbúin og eru sex bátar frá Sjóminjasafninu listaðir upp. Safnstjóri sat aðalfund SÍS í Stykkishólmi í október.

Beitningaskúrin sem opnaður var árið 2013 var opinn eftir samkomulagi. Hópar sem fá leiðsögn um Eyrarbakka líta gjarnan við í Beitningaskúrnum. Sýningin í Beitningaskúrnum vekur athygli á sögu hans, vélbátaútgerðar á Eyrarbakka og einnig frá vinnuaðferðum og sögum frá þeim sem þar unnu. Þar var síðast beitt um 1960. Beitningaskúrin var gefinn Sjóminjasafninu á Eyrarbakka 1991. Hann var gerður upp með styrk frá Húsafriðunarsjóði á árunum 1992 og 1993. Við viðgerðina kom í ljós útfattur

bátur á vesturhlið hans og var ákveðið að hafa hann sem ystu klæðingu á þeim vegg. Beitningaskúrinn vekur því mikla athygli fyrir sérstakt útlit.

Gamla slökkvibílnum, sem er í eigu Sjóminjasafnsins á Eyrarbakka, er haldið við og er hann gangfær. Bílaáhugamennirnir Emil Guðjónsson og Guðlaugur Gunnar Jónsson tóku að sér að gera bílinn upp fyrir safnið og tóku þeir slökkvibílinn í vörslu sína sumarið 2012. Þeir hafa síðan haldið bílnum við og lagfært eftir þörfum. Hann er varðveittur í grófmunasal Búðarstígs 22.



Sjóminjasafnið á Eyrarbakka. Ljós. Friðþjófur Helgason.

Þuríðarbúð hefur einnig verið hluti af Sjóminjasafninu – og Byggðasafni Árnesinga sem heldur utan um muni Þuríðarbúðar. Umsjón með umhverfi Þuríðarbúðar hefur umhverfissvið Árborgar en viðhald búðarinnar er í höndum framkvæmda- og veitusviðs Árborgar. Á síðustu árum hefur verið unnið að því að bæta loftræstingu í búðinni og koma fyrir viðeigandi gripum yfir sumartímann. Styrkur fékkst frá Uppbyggingasjóði til efniskaupa og var árið 2016 fjárfest í skinni og ull til að hafa í búðinni, sem reyndist ekki þola rakann í byggingunni.

Kirkjubær

Í lok ársins 2011 keypti Byggðasafn Árnesinga húsið Kirkjubæ sem er rétt vestan við Húsið á Eyrarbakka. Kirkjubær var gerður upp og opnaður 17. júní 2016 með sýningunni „Draumur aldamótabarnsins“ um líf alþýðunnar 1920-1940. Arfi Helga Ívarssonar frá Hólum til Byggðasafns Árnesinga var varið til þessa verkefnis.

Kirkjubær er timburhús bárujárnsklætt sem byggt var 1920 og með norðurbíslagi frá 1934.

Um uppbyggingu í Kirkjubæ hefur verið rækilega fjallað í ársskýrslum 2011 til 2017.



Settar voru UV-filmur í glugga í maí 2021 til hlífðar safnkosti.

Rjómabúið á Baugsstöðum

Byggðasafn Árnesinga er þriðjungs eigandi að Rjómabúinu á Baugsstöðum. Rjómaskálahúsið var friðlýst af menningar- og menntamálaráðherra árið 2005 þegar búið varð 100 ára. Byggðasafn Árnesinga sér um daglegan rekstur þess en rjómabúið er rekið á sérstakri kennitölu og er með sér reikningshald.

Freyja Katra Erlingsdóttir sá um gæslu í rjómabúinu um helgar í júlí og ágúst. Lýður Pálsson safnstjóri



sinnir húsvarðarstörfum þar til annar fæst í það mikilvæga starf.

Auglýst var í Ríkisútvarpinu opnunarhelgar í júlí og ágúst.

Menn Gríms Jónssonar verktaka lagfærðu vatnshjólið í apríl og er nú hægt að knýja vélar búnsins. Í nóvember 2020 var sótt um styrk til Húsafriðunarsjóðs til að mála rjómabúið að utan. Styrkur fékkst og verður húsið væntanlega málað að utan á árinu 2022. Styrkur var veittur af Safnaráði til endurbóta á sýningaspjöldum.

Í stjórn Rjómabúsins á Baugsstöðum sitja Sveinn Sigurmundsson formaður, Lýður Pálsson gjaldkeri og Björn Harðarson ritari. Stjórnin fundar sjaldan en framkvæmdastjórn er í höndum Lýðs safnstjóra.

Til sölu í rjómabúinu er ritið Rjómabúið á Baugsstöðum 100 ára eftir Helga Ívarsson og Pál Lýðsson.

Gestir ársins 2021 urðu 211 talsins. Gestir ársins 2020 voru aðeins 81. Algjört hrun varð í komu hópa og almennra gesta vegna Covid19 faraldursins. Gestir ársins 2019 voru 250 talsins. Gestir ársins 2018 voru 475 alls, mest Íslendingar. Gestir ársins 2017 urðu 437 talsins. Þeir voru aðeins 183 árið 2016. Gestir ársins 2015 urðu 433 talsins. Gestafjöldi ársins 2014 varð 377 manns. Árið 2013 komu 360 gestir í búið. Árið 2011 komu 278 gestir. Árið 2010 komu 465 gestir í Rjómabúið á Baugsstöðum en 602 gestir árið 2009.

Rjómabúið er kynnt á heimasíðu Byggðasafns Árnesinga.

Efling fræðslustarfs

Unnið hefur verið að fræðslustarfi í safninu frá upphafi. En árið 2020 var tekin ákvörðun um eflingar fræðslustarfsins. Sótt var um styrk til efningsar fræðslustarfsemi safnsins til Safnaráðs. Styrkur fékkst og hefur verið varið til að móta stefnu og skapa samstarf við skóla. Safnfræðsla er einn af hornsteinum safnastarfs og tengsl safna og skóla verða sífellt meiri og margslungnari. Nám fer ekki aðeins fram innan fjögurra veggja skólastofunnar. Kennarar í dag leita ýmissa leiða til að glæða nám nemenda sinna og bæta nýjum víddum við nálganir og kennsluáferðir. Þá verða söfnin að hafa upp á eitthvað að bjóða. Nauðsynlegt er að eiga í sjóði metnaðarfull, vel ígrunduð og fræðandi verkefni sem eiga við námsefni þeirra hópa sem væntanlegir eru. Nú þegar hefur Byggðasafn Árnesinga komið sér

upp dagskrá sem sniðin er að 4. bekk grunnskólanna. Þar hefur verið unnið markvisst í samstarfi við kennara á vettvangi og fræðsludagskráin mótuð í samvinnu við þá. Úr varð marglaga fræðsla sem hverfist um íslenska þjóðhætti áður fyrr. Verkefnið tókst vel og fór á flug. Í kjölfar fyrstu heimsóknarinnar, sem var nokkurs konar tilraunaheimsókn, komu fleiri skólar og þegar upp var staðið höfðu um 350 grunnskólanemar sýslunnar heimsótt safnið til þess að fá þessa fræðslu. Góður grunnur hefur verið lagður, nokkur verkefni eru í ferli:



Lubbaverkefnið er eitt þeirra en ljóst er að það verður kostnaðarsamt og krefst tíma, alúðar og krafta starfsmanna. Átta svokölluð “málbein” hafa verið hönnuð og jafnmargar hljóðasögur samdar inn í umhverfi safnsins. Þessi prufubein eru í framleiðslu og verða prufukeyrð og þróuð áfram í samstarfi við fagfólk á leikskólanum Jötunheimum á Selfossi sem hefur verið leiðandi í Lubbavinnu á landsvísu. Markmiðið er að semja hljóðasögur fyrir öll máhljóðin inn í umhverfi safnsins og þróa ýmsa leiki og fræðsluefni sem þeim tengist og styrkir hljóðkerfisvitund barnanna um leið og þau kynnast ýmsu um safnið, safnkostinn og sögu sýslunnar.

Starfsmenn safnsins hafa verið í samstarfi við menntaskólakennara á Laugarvatni og unnið verkefni inn í áfangann skapandi skrif. Afrakstur samstarfsins varð sýnilegur á aðventunni sem hluti af jólasýningu safnsins. Áframhald verður á þessu samstarfi þar sem efniviður safnsins verður kveikja að verkefnum nemenda og í sameiningu verður afrakstrinum miðlað á fjölbreyttan hátt.

Trésmíðanemar FSu heimsóttu safnið vorið 2021 og þá var lagður grunnur að stærra fræðsluverkefni sem kennari og starfsmaður safnsins þróa í samvinnu. Nemendur vinna raunverkefni á Eyrarbakka í tengslum við gömlu húsin í þorpinu. Farið verður með nemendur í sögugöngu um þorpið og þeir kynnast starfi á smíðaverkstæði hér í þorpinu sem sérhæfir sig í viðhaldi gamalla húsa.

Sótt var um áframhaldandi styrk frá Safnaráði til eflingar fræðslustarfsemi í nóvember 2021. Með umsókninni er vonast til að fá fjármagn til þess að geta haldið áfram uppbyggingu og þróun fræðsludeildar innan Byggðasafns Árnesinga í þeim farvegi sem nú þegar hefur verið mótaður með framlagi frá Safnaráði. Þá var hægt að leggja af stað í vel ígrunduð þróunarverkefni í samstarfi við ákveðna skóla og starfsmenn þeirra. Þjóðháttafræðsla með sjálfbærniásvafi var þróuð og keyrð síðasta vetur og vor og tókst vel. Mikil ásókn var í fræðslustundina sem var mannaflafrek en metnaðarfull. Með styrk verður hægt að vinna þau verkefni áfram sem nú þegar hafa verið mótuð, halda áfram að þróa þau sem enn eru á teikniborðinu og hefja vinnu við ný verkefni og þróa þar með ný sambönd og tengsl við skóla sýslunnar.

Byggðasafn Árnesinga hefur hug á að verða öflugur bandamaður skóla á öllum skólastigum í sýslunni og raunhæfur valkostur í hvers kyns fræðsluverkefnum. Mennt er máttur og við viljum virkja skólasamfélagið með okkur á skapandi hátt þar sem samtalið er frjótt í báðar áttir og hægt að ná fram ýmsum flóknum langtímamarkmiðum líkt og Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna svo dæmi sé tekið. Unnið markvisst að sama markmiði, safn og skóli!

Ragnhildur Elísabet Sigfúsdóttir safnvörður leiðir starf Byggðasafns Árnesinga við eflingar fræðslustarfsemi Byggðasafns Árnesinga. Með henni hafa starfað aðrir fastir starfsmenn safnsins, auk Hrefnu Clausen, Anítu Jónsdóttur, Elínar Unu Jónsdóttur, Oddnýjar Kristjánsdóttur og Ásthildar Magnúsdóttur. Afrakstur þessa starfs má sjá í auknum fjölda skólaheimsókna.

Safnaráð

Á Alþingi voru á árinu 2011 samþykktir nýir lagabálkar á sviði þjóðminjavörslunnar sem móta starfsemi safnsins. Í þriðja kafla Safnalaga nr. 2011/141 er ítarlega fjallað um viðurkennd söfn og skilyrði fyrir að geta kallast viðurkennt safn. Samkvæmt lögnum geta viðurkennd söfn sótt um styrki til Safnasjóðs og þurfa að gegna ákveðnum rannsóknarskyldum og skyldum gagnvart meðferð safnmuna, starfsmannahaldi og fyrirkomulagi sýningahalds. Lögin tóku gildi 1. janúar 2013. Byggðasafn Árnesinga er viðurkennt safn samkvæmt Safnalögum. Byggðasafn Árnesinga sækir árlega um verkefnastyrki til Safnaráðs til að styrkja starfsemi safnsins. Einnig um símenntunarstyrki sem nýttir hafa verið til ferðalaga á ráðstefnur og í kynnisferðir. Hafa styrkir Safnaráðs komið sér vel og stutt við faglega starfsemi safnsins og einstök verkefni. Styrkir Safnaráðs til Byggðasafns Árnesinga urðu fimm milljónir króna í úthlutunum ársins 2021 sem varið var til ýmissa faglegra verkefna og kom þetta fjármagn sér mjög vel.

Samstarf

Vesturbúðarfélagið á Eyrarbakka vinnur að rannsóknum sem tengjast Vesturbúðinni sem var verslunarhús Eyrarbakka frá 18. öld til 1925. Vesturbúðin var rifin af síðasta eiganda þess Kaupfélags Árnesinga árið 1950 og viðirnir fluttir til Þorlákshafnar þar sem reist voru salthús sem brunnu 1988. Tilgangur Vesturbúðarfélagsins er að stuðla að endurbyggingu Vesturbúðarinnar á sínum forna stað á Eyrarbakka. Liður í því ferli eru fornleifarannsóknir. Ragnheiður Gló Gylfadóttir fornleifafræðingur hjá Fornleifastofnun Íslands ses stýrði uppgreftri sumarið 2021 og voru grafnir upp söklar kornhússins Fönix. Vesturbúðarfélagið óskaði samstarfs við Byggðasafn Árnesinga og fjárstyrks. Niðurstaðan varð sú að fornleifafræðingar fengu aðstöðu í grófmunasal Búðarstígs 22 og snæddu hádegisverð í kaffistofunni. Vænta má frekara samstarfs við Vesturbúðarfélagið um þetta þarfa verkefni.

Þjóðminjasafn Íslands veitti margvíslega sérfræðiaðstoð þegar þess var þörf. Samskiptin urðu helst vegna nýrrar varðveisluáðstöðu að Búðarstíg 22. Einnig vegna reksturs Hússins á Eyrarbakka og fyrirhugaðra kaupa Þjóðminjasafnsins á húsinu Eyri, merku almúgahúsi á Eyrarbakka. Líklegt er að Byggðasafni Árnesinga verði fallinn daglegur rekstur Eyrar þegar viðgerðum og aðlögun að safnahlutverki líkur.

Byggðasafn Árnesinga er þátttakandi í gagnagrunni íslenskra safna Sarpi. Þar er um að ræða mjög vel heppnað samstarf íslenskra safna um samræmda skráningu á menningararfi hvort sem það eru munir, ljósmyndir, listaverk, þjóðhættir, fornleifar eða örnefni.

Góð samskipti eru við Minjastofnun Íslands.

Byggðasafn Árnesinga tekur þátt í starfsemi Samtaka safna á Suðurlandi sem eru grasrótarsamtök aðila sem starfa að menningarmálum á Suðurlandi. Starfsemin liggur niðri eins og er vegna mikilla anna þeirra sem sitja í stjórn samtakanna. Fjárhagur Samtaka safna á Suðurlandi er í blóma.

Safnstjóri situr í stjórn Fischerssetursins á Selfossi sem fulltrúi Byggðasafns Árnesinga. Sat hann einn fund á árinu.

Safnstjóri sat nokkra fundi um uppsetningu söguskiltis um Flóaáveituna sem setja skal upp við Brúnastaði í Flóahreppi.

Lýður Pálsson er varamaður í Minjaráði Suðurlands.

Ragnhildur Elísabet og Lýður eru félagar í FÍSOS, Félagi íslenskra safna og safnamanna. Lýður er félagi í ICOM, alþjóðasamtökum safnamanna. Byggðasafn Árnesinga er með stofnana-aðild að FÍSOS.

Fundir, námskeið og ráðstefnur

Ferðir voru fáar á árinu vegna faraldurs en fundir á Teams og Zoom voru tíðir og verða ekki hér taldir upp.

Farskóli íslenskra safnamanna var haldinn í Stykkishólmi í október og sóttu Lýður og Ragnhildur Elísabet skólann sem tókst með miklum ágætum. Rætt var um margskonar vó og hættur á söfnum. Þá voru í fersku minni aurskriður á Seyðisfirði sem tortímdu næstum Tækniminjasafni Austurlands í lok ársins 2020.

Kynningar- og markaðsmál - www.byggdasafn.is

Ýmsar leiðir eru farnar til að koma safninu á framfæri. Það auglýsir víða. Byggðasafn Árnesinga tók einnig þátt í sameiginlegri kynningu á íslenskum söfnum á RUV. Auglýst er í mörgum bæklingum sem liggja frammi á ferðamannastöðum og sömuleiðis liggur bæklingur safnsins frammi á flestum stöðum á Suðurlandi. Á árinu voru lögð fram drög að nýjum kynningarbæklingi fyrir söfnin sem verður vonandi að veruleika á árinu 2022.

Sylvía Kristjánsdóttir hannaði nýtt lógó fyrir safnið. Táknað það áráskipið Farsæl og glugga safnhúsa.

Síðunni www.byggdasafn.is er haldið lifandi með uppfærslu fréttu af starfseminni og róteringu ljósmynda á forsíðu. Safnstjóri heldur utan um efni síðunnar, Gyða Dögg Heiðarsdóttir viðskiptafræðinemi búsett í Þorlákshöfn aðstoðar við uppfærslu síðunnar. Síðan er hýst hjá 1984 ehf.

Lýður Pálsson hefur umsjón með síðunni og matar hana reglulega með nýju fréttatengdu efni og heldur henni uppfærðri. Í bígerð er að umbylta síðunni.

Sylvía Kristjánsdóttir grafískur hönnuður á Eyrarbakka sér um hönnun á auglýsingum safnsins og gerð sýningaskilta fyrir sýningar í borðstofu.

Safnið er á Facebook og má í dag finna síðu þar undir heitinu „Húsið á Eyrarbakka – Byggðasafn Árnesinga“. Síðan er góð leið til að kynna starfsemi safnsins fyrir velunnurum sínum. Fjölbreyttu safnatengdu efni er varpað út á síðuna. Lýður Pálsson safnstjóri hefur umsjón með henni.

Instagram-síða safnsins er mötuð með margvíslegum fróðleik og sér Ragnhildur Elísabet Sigfúsdóttir safnvörður um það.

Safnið er með reikning á Trip-Advisor og Google+.

Safnið er í Markaðsskrifstofu Suðurlands. Safnstjóri er í reglulegu sambandi við starfsmenn Markaðsstofu Suðurlands um margvíslegar leiðir til að koma safninu á framfæri.

Ótalin er sú kynning sem felst í ókeypis umfjöllun í fjölmiðlum. Umfjallanir um ýmsa þætti safnastarfsins var á árinu 2021 að finna í Dagskránni á Selfossi, sunnlenska.is, Fréttablaðinu, Morgunblaðinu og tvívegis á Rás 1. Á árinu var sjónvarpað þætti í myndaflokknum „Fyrir alla muni“ sem sagði frá koparsmiðnum Magnúsi Einarssyni á Hnausi í Villingaholtshreppi sem smíðaði fagra ljóshjálma í kirkjur. Síðar kom í ljós að margt af því sem safnstjóri sagði þar voru ósönn munnmæli en var fróðlegt og gagnlegt efninu. Á árinu var einnig sjónvarpað á RUV þætti sem safnið hafði litla vitneskju um við tókur en þáttagerðamaðurinn hafði mikinn áhuga á gripum Þorsteins Jónssonar sýslumanns á Kiðjaborgi. Í ljós kom þegar þátturinn fór í loftið að umfjöllunarefnið var hið svonefnda biblíubréf, umslag með mörgum verðmætum frímerkjum sem barst að Kiðjaborgi árið 1873. Fullyrt var í þættinum að Skúli Helgason fyrsti safnvörður Byggðasafns Árnesinga hefði tekið bréfið í Kiðjaborgi áður en í ljós kom að það væri verðmætt og hann selt það síðan á háu verði. Þetta er þó ósannað með öllu og ólíkleg kenning.

Héraðsnefnd og stjórn

Héraðsnefnd Árnesinga bs er eigandi Byggðasafns Árnesinga. Sveitarfélögin sem standa að Héraðsnefnd Árnesinga eru: Sveitarfélagið Árborg, Hveragerðisbær, Sveitarfélagið Ölfus, Bláskógabyggð, Hrunamannahreppur, Grímsnes- og Grafningshreppur, Skeiða- og Gnúpverjahreppur og Flóahreppur. Íbúafjöldi samkvæmt Hagstofu Íslands var 19.346 árið 2021 en 18.804 árið 2020. Aðalverkefni Héraðsnefndar Árnesinga er rekstur nokkurra stofnanna og starfsnefnda á héraðsvísu. Formaður Héraðsnefndar Árnesinga er Eyþór H. Ólafsson í Hveragerði.

Íbúafjöldi í Árnessýslu 2021

Sveitarfélagið Árborg	10.451
Hveragerði	2.788
Svf. Ölfus	2.369
Bláskógabyggð	1.144
Hrunamannahreppur	822
Flóahreppur	690
Skeiða- og Gnúpv.hr.	590
Grímsn. og Grafn.hr.	492
	19.346



Héraðsnefnd Árneseinga kys stjórn til tveggja ára í senn. Í stjórn frá júlí 2018 sitja Árni Eiríksson, oddviti Flóahrepps, stjórnarformaður, Eggert Valur Guðmundsson bæjarfulltrúi í Árborg, varaformaður og Bryndís Eir Þorsteinsdóttir bæjarfulltrúi í Hveragerði er ritari. Í varastjórn eru Smári Bergmann Kolbeinsson, Steinar Lúðvíksson í Þorlákshöfn sem sat einn fund á árinu og Klara Öfjörð Sigfúsdóttir. Stjórnarfundir ársins urðu fimm talsins. Stjórnarformaður er jafnframt í framkvæmdastjórn Héraðsnefndar Árneseinga. Á fundum stjórnar eru tekin fyrir mál sem safnstjóri undirbýr fyrir fundinn í samráði við stjórnina. Einnig mál sem stjórnarmenn og safnstjóri leggja fram áður en kemur til fundar og rúmast ekki innan starfs- og rekstraráætlunar. Stjórn safnsins starfar eftir erindisbréfi sem samþykkt er af Héraðsnefnd Árneseinga og er þar fjallað ítarlega um hlutverk og skyldur stjórnarmanna.



Héraðsnefnd Árneseinga fundar í sal Búðarstígs 22 á haustfundi sínum í október 2021. Þorsteinn Tryggvi Másson héraðsskjalavörður situr fyrir svörum.

Í kjölfar vorfundar Héraðsnefndar Árneseinga 2019 var komið á fót bygginganefnd um framkvæmdir að Búðarstíg 22 og var nefndin skipuð stjórn safnsins og Eyþóri H. Ólafssyni formanni Héraðsnefndar Árneseinga. Bygginganefndin fundaði í fjögur skipti á árinu 2021 og lauk svo verkefni sínu við verklok.

Um rekstur og fjárhag safnsins 2021

Rekstrarreikningur árið 2021

	Skýr.	2021	Fjárhags- áætlun 2021	2020
Rekstrartekjur				
Héraðsnefnd Árnesinga, framlag		60.400.000	60.400.000	51.300.000
Sveitarfélagið Árborg, framlag vegna Sjóminjasafns		7.035.000	7.035.000	6.830.000
Aðrar tekjur	8	11.906.736	10.165.000	15.219.355
		<u>79.341.736</u>	<u>77.600.000</u>	<u>73.349.355</u>
Rekstrargjöld				
Laun og launatengd gjöld	9	39.163.937	37.700.000	34.161.624
Rekstur fasteigna	10	4.467.952	6.025.000	8.521.506
Annar rekstrarkostnaður	11	16.644.297	14.110.000	14.935.864
Afskriftir	5	8.781.272	1.338.463	6.898.950
		<u>69.057.458</u>	<u>59.173.463</u>	<u>64.517.944</u>
Afkoma fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld		10.284.278	18.426.537	8.831.411
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)				
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	12	(15.810.188)	(18.600.000)	(9.850.330)
Rekstrarniðurstaða ársins	6	<u>(5.525.910)</u>	<u>(173.463)</u>	<u>(1.018.919)</u>

Eigið fé safnsins í fasteignum og bankainnistæðum nam 32,5 milljónum króna í árslok samkvæmt efnahagsreikningi. Eigið fé og skuldir eru alls 287 milljónir króna.

Á árinu 2017 og 2018 féllu á safnið kröfur vegna samkomulags um breytingar lífeyrismála opinberra starfsmanna. Við breytingarnar eru réttindi virkra sjóðfélaga tryggð með sérstökum framlögum til sjóðanna af hálfu launagreiðenda. Kröfurnar námu 14,3 milljónum króna. Í mars 2018 var tekið lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga til að mæta þessum kröfum.

Í apríl árið 2019 var tekið 100 milljón króna lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga til að kaupa Búðarstíg 22 og fara í fyrstu framkvæmdir. Í febrúar og október 2020 voru tekin tvö 60 milljón króna lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga til framkvæmda við Búðarstíg 22.



Eyrarbakka 6. apríl 2022,

Lýður Pálsson, safnstjóri.